

Kópavogur 02.01.2020

dk Framtalskerfi fyrsta útgáfa (02.01.2020)


Þessi útgáfa er fyrsta útgáfa af dk framtalskerfinu 2020. Í henni hefur verið opnað fyrir vinnslu með alla miða.

Þetta er einungis uppfærsla fyrir þá sem hafa útgáfu frá 2019 og vilja uppfæra í 2020.

Uppsetningu þarf að framkvæma á eftirfarandi hátt.

(ATH. Verður að vera virk internet tenging)

1. Panta útgáfu 2020 hjá dk hugbúnaði.
2. Keyra inn útgáfu af netinu dagsetta 2020.
3. Ræsa upp kerfið og fara í „Hjálp“ efst til hægri á valstikunni.
4. Velja þar „Um kerfið“.
5. Velja hnappinn „Uppfæra leyfi“.



Eftir að þetta hefur verið framkvæmt uppfærir kerfið leyfið frá dk og birtir niðurstöðu þ.e hvort það hafi tekist eða ekki.

Ef allt hefur gengið eðlilega fyrir sig þ.e uppfærsla leyfis tekist þá þarf að fara útúr kerfinu og inn aftur til að framkvæma gagnabreytingu fyrir 2020.

Eftir þetta er kerfið klárt fyrir skattaárið 2020.

Athugið. Til að þetta virki þarf að vera búið að panta útgáfu 2020 hjá dk hugbúnaði. Hafi það ekki verið gert er kerfið áfram stillt á árið 2019

Engar breytingar eru á miðavinnslunum þetta árið.

Að lokum viljum við benda á að gögn úr bifreiðaskrá sem tengjast hlunnindamiðum verða ekki aðgengileg fyrir en í lok janúar sem þýðir að ekki er hægt að lesa inn áritunina fyrir en þá.

Við hvetjum svo alla til að fylgjast með heimasíðu dk www.dk.is og uppfæra hjá sér útgáfuna eftir þörfum.